

Börkur Sigurbjörnsson

Tuttugu tuttugu

örsaga



Urban Volcano

Tuttugu tuttugu


Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2024
<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/4.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson
Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efninu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



TUTTUGU TUTTUGU

Ég leit til beggja átta áður en ég steig varlega yfir þröskuldinn og út á götu. Ég hlustaði eftir fótsporunum. Leiðin virtist greið. Það var enginn á ferli og mér var óhætt að fara út úr húsi.

Ég hafði varla tekið tvö skref eftir götunni þegar ég heyrði þyrluna sveima yfir höfði mér, endurtakandi sömu skilaboðin hvað eftir annað.

„VIÐ BÚUM VIÐ HEILBRIGDISVÁ... HALTU ÞIG HEIMA...
EKKI STEFNA ÖÐRUM Í HÆTTU... HALTU ÞIG HEIMA... ÞAÐ
ER SAMKOMUBANN Í GILDI... HALTU ÞIG HEIMA...“

Ég faldi mig undir breiðri trjákrónu á meðan þyrflan fór hjá, faðmandi stofninn, skjálfandi í takt við laufin sem huldu tilvist mína. Hafði sést til mín? Vissu þau í hvaða erindagjörðum ég var? Gátu þau lesið hug minn? Hafði ferðalag mitt verið tilkynnt? Var það komið í farveg? Myndi einhver leita eftir mér? Yrði ég fjarlægður? Var ég í vandræðum?

„VIÐ BÚUM VIÐ HEILBRIGÐISVÁ... HALTU ÞIG HEIMA...
EKKI STEFNA ÖÐRUM Í HÆTTU... HALTU ÞIG HEIMA... ÞAÐ
ER SAMKOMUBANN Í GILDI... HALTU ÞIG HEIMA...“

Smám saman liðuðust skilaboðin sundur þar til þau urðu einungis fjarlægur kliður og bergmál í kalli mér.

“VIÐ... HALTU... EKKI... HALTU... ÞAÐ... HALTU...”

Ég sleppti trénu og hélt áfram göngu minni niður götuna. Líkaminn var stirður, skalf og hjartað sló ákaft í brjósti mér. Hvað var ég að koma mér í?

Þegar að aðalgötunni kom tók ég eftir fleira fólki á ferli. Það dreifði sér hér og þar yfir báðar gangstéttirnar og allir héldu videigandi fjarlægð sín á milli. Sumt gekk jafnvel eftir miðri akbrautinni. Ég fann hvernig vegfarendurnir litu á mig þar sem ég kom mér fyrir á meðal þeirra, viðhaldandi minni fjarlægð, eins og viðkvæm vara sem makast hægt áfram á eftir einsleitum vörum á endalausum færiband. Ég fann hugsanir þeirra þröngva sér inn í höfuð mér.

„Hvað er hann að gera hér? Hvernig dirfist hann? Kann hann ekki að skammast sín? Ber hann enga virðingu fyrir öðrum?“

Ég draup höfði, leit niður á fætur mína og horfði á þá taka vandlega samhæfð skref eftir gangstéttinni, haldandi minni fjar-

lægð. Ég gerði mig eins lítinn og ég gat. Hélt örmunum þétt að hliðum mér. Á aðra hönd vildi ég öðlast hulinshjálms og flýja spyrjandi augnaráð nágranna minna. Á hinn bóginn vildi ég hrópa. Ég vildi gera hreint fyrir mínum dyrum.

„ÉG VIL EKKI SKADA NEINN. ÉG ER EKKI HÉR TIL AÐ GERA NEINUM MEIN. ÉG ER BARA AÐ FARA ÚT Í BÚÐ. MIG VANTAR EITT OG ANNAÐ Í MATINN.“

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano